



Alþingi
Erindi nr. P 138/1949
komudagur 5.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2010
Tilvísun: 201004-0031

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um fristundabyggð og leigu lóða undir fristundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, 559. mál.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við framgang frumvarps þessa sem miðar að því fækka úrskurðar- og kæruneftum á sviði félags- og tryggingamálaráðuneytisins en að því tilskildu að réttaröryggi sé ekki skert.

Virðingarfyllst,

Dalla Ólafsdóttir,
Lögfræðingur hjá ASÍ.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2020
komudagur 7.5.2010

Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Reykholti, 6. maí 2010
1005001 SHJ

Efni: Umsögn um frumvarp til húsaleigulaga oflaa 559 mál

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 4. maí 2010 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Erindi frá nefndarsviði Alþingis dags. 23. apríl 2010; frumvarp til húsaleigulaga o.fl.
Lagt fram erindi frá nefndarsviði Alþingis þar sem sveitarstjórn er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til húsaleigulaga o.fl. en umrætt frumvarp er þingmál nr. 559. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við umrætt þingmál.

Virðingarfyllt

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2017
komudagur 7.S. 2010

Reykjavík, 5. maí 2010
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. á 138. löggjafarþingi, þskj. 949 – 559. mál
Tilv. 2010050008

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 23. apríl 2010.

Bændasamtök Íslands leggjast ekki gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur

Grindavíkurbær



Alþingi
Erindi nr. P 138/2021
komudagur 7.5.2010

Alþingi
Nefndarsvið.
Kirkjustræti
150 Reykjavík


Grindavík, 6. maí 2010
1004036 ÓÓÓ

Efni: Svar við ósk um umsögn frá Grindavíkurbæ.

Bæjarráð Grindavíkur hefur fjallað um erindi yðar varðandi umsögn um frumvarp um breytingar á húsaleigulaga o.fl. mál 559.

Grindavíkurbær gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt



7.5.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/2022
komudagur 7.5.2010

Félags- og tryggingamálanefnd

Beiðnin var tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar ann 6. maí sl. og eftirfarandi var bókað:

10. Beiðni Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis um umsögn við frumvarp til Húsaleigulaga o.fl.

Lögð fram beiðni Félags- og tryggingamálnendar Alþingi um umsögn við frumvarp til húsaleigulaga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Með bestu kveðju,
Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri
Grímsnes- og Grafningshreppi

Alþingi
Erindi nr. P 138/2148
komudagur 11.5.2010



Alþingi
nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2010

Efni: Umsókn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignahús, lögum um húsæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum, mál nr. 559.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Einar Jónsson hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 138/195/
komudagur 5.5.2010



Félagsþjónusta
Kópavogs

Skrifstofa Alþingis
bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Komudagur: 23. apríl 2010
Kópavogur 28. apríl 2010

Umsögn Félagsþjónustu Kópavogs við frumvarpi til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Þskj: 949

Mál: 559

Sendandi: Ingibjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Ragnar S. Magnússon yfirmaður ráðgjafa og íbúðadeildar Félagsþjónustu Kópavogs.

Dags: 28. apríl 2010

Ofangreindir starfsmenn Félagsþjónustu Kópavogs tóku frumvarpið til umfjöllunar og telja ekki vera tilefni til sérstakrar umsagnar eða athugasemda af hálfu Félagsþjónustu Kópavogs.

Virðingarfyllst
f.h. Félagsþjónustu Kópavogs

Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
Lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 138/1990
komudagur 6.5.2010

KÆRUNEFND

FJÖLEIGNARHÚSAMÁLA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
sími 545 8100, bréfsími 552 4804
www.felagsmálaraduneyti.is

Reykjavík 5. maí 2010
Tilv.: KNFH10040002/

Kærunefnd fjöleignarhúsamála hefur borist erindi yðar í tölvupósti, dags. 23. apríl 2010, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál.

Kærunefndin telur ekki tilefni til að tjá sig um frumvarpið.

F.h. kærunefndar fjöleignarhúsamála



María Sæmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1948
komudagur 5.5.2010

KÆRUNEFND HÚSNÆÐISMÁLA

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
sími 545 8100, bréfsími 552 4804
www.felagsmalaraduneyti.is


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2010
Tilv.: KNH10040002/

Kærunefnd húsnæðismála hefur borist erindi yðar í tölvupósti, dags. 23. apríl 2010, þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál.

Kærunefndin telur ekki tilefni til að tjá sig um frumvarpið.

Fyrir hönd kærunefndar húsnæðismála



María Sæmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1953
komudagur 5.5.2010

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Félags- og tryggingamálanefnd

Númer þingmáls: þskj. 949 – 559. mál.

Hjálagt er umsögn til Félags- og tryggingamálanefndar vegna þingmáls um húsaleigulög o.fl.

Virðingarfyllst,


Magnús Sigurðsson

Umsögn

Dags: Reykjavík 4.5.2010
Heiti þingmáls: Húsaleigulög o.fl.
Númer þingmáls: Þskj. 949 — 559. mál.

Sendandi umsagnar: Magnús Sigurðsson
Fornhaga 11
107 Reykjavík.

Ég vil gera athugasemdir við að Húseigendafélagið tilnefni einn fulltrúa í kærunefnd húsamála. Astæðan er sú, að Húseigendafélagið stundar það athæfi að brjóta lög um fjöleignarhús nr. 26/1994, með því að bjóða húsfélögum upp á fundþjónustu gegn greiðslu, þó svo lögin leyfi ekki slíkt. Þar með taka lögmenn Húseigendafélagsins þátt í þeim ágreiningsmálum sem upp kunna að koma í fjöleignarhúsum og eru því ekki hlutlausir aðilar sem mæta á fundi til að stýra lögmati þeirra.

Félagsmenn í fjöleignarhúsum sem þurfa að leita réttar síns fyrir kærunefnd húsamála geta þannig ekki verið vissir um að réttaröryggi sitt sé tryggt, ef einn nefndarmaður er tilnefndur af Húseigendafélaginu, sem áður hafði átt fulltrúa sem aðila að ágreiningsmáli því sem kært til nefndarinnar. Til að skýra mál mitt betur er fylgiskjal með umsögn þessari, sem er grein sem ég hef sent Morgunblaðinu til birtingar. Eftirfarandi breytingar legg ég til á 6.gr. I kafla frumvarpsins:

1. Eftirfarandi setning skal felld brott: “Húseigendafélagið tilnefnir einn fulltrúa og skal hann vera lögfræðingur.”

2. Setning þessi: “Tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera verkfræðingur en hinn skal uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal hann jafnframt vera formaður.”, breytist og verður: “Allir skulu þeir skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera verkfræðingur en hinir skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal annar þeirra jafnframt vera formaður.

6.gr. I kafla frumvarpsins verður því svohljóðandi:

I. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum.


6.gr

84. gr. laganna verður svohljóðandi:

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa í kærunefnd húsamála til þriggja ára í senn og skulu tveir þeirra vera lögfræðingar og einn verkfræðingur. Allir skulu þeir skipaðir án tilnefningar og skal einn þeirra vera verkfræðingur en hinir skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og skal annar þeirra jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skal varaformaður uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila telji hún þörf á.

Kostnaður við starfsemi kærunefndar húsamála greiðist úr ríkissjóði.

Virðingarfyllt,


Magnús Sigurðsson

Fylgiskjal.

Ólöglegt ofríki Húseigendafélagsins.

Í DV mánudaginn 29. mars s.l. svarar Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., sem kallar sig formann Húseigendafélagsins, fyrirspurnum lesenda. Þar segir um húsfundi í húsfélögum: “Mjög mikilvægt er að fundurinn sé boðaður og haldinn í samræmi við fyrirmæli fjöleignarhúsalaga”.

Undir þessi ummæli Sigurðar Helga ber vissulega að taka. Allt að einu vekja þó þessi ummæli hans furðu, því að sjálfur fer hann ekki eftir fjöleignarhúsalögnum nr. 26/1994, og lögfræðingar hans sem taka að sér fundarstjórn í húsfélögum virða ákvæði laganna að vettugi. Fjöldmörg húsfélög eru aðilar að Húseigendafélaginu og greiða þar há félagsgjöld án þess að heimild sé til þess í fjöleignarhúsalögum. Samkvæmt 12. tl., A. liðs, 41. gr. laganna, sem eru ófrávikjanleg, þarf samþykki allra eigenda íbúða í fjölbýlishúsi til þess að húsfélag geti gerst aðili að Húseigendafélaginu. Óhætt er að fullyrða, að ekkert þeirra húsfélaga, sem eru aðilar að Húseigendafélaginu, fullnægir lagaskilyrði þessu. Hvergi í fjölbýlishúsi hafa allir félagsmenn, þ.e. eigendur íbúða, samþykkt inngöngu húsfélagsins í Húseigendafélagið með þeim mikla kostnaði sem það hefur í för með sér. Þetta veit Sigurður Helgi, en lætur eins og allt sé í himnalagi, þótt allt sé atferli hans ólöglegt. Þeningalegir hagsmunir hans ráða ferðinni, því að félagsgjöld greidd af húsfélögum eru helsta tekjulind Húseigendafélagsins. Það apparat rekur Sigurður Helgi eins og einkafyrirtæki sitt. Hin háu félagsgjöld koma í veg fyrir, að nokkur geti safnað liði til inngöngu í Húseigendafélagið og hróflað við valdasessi Sigurðar sem ekki síst styðst við ólöglega félagsaðild húsfélaga.

Samkvæmt samþykktum Húseigendafélagsins skal það gæta hagsmuna allra eigenda fasteigna í landinu með óvilhöllum hætti. Í reynd er það þó svo, að Sigurður Helgi og Húseigendafélagið taka þátt í deilum innan húsfélaga og vinna fyrir þann aðila sem tryggir honum peningagreiðslu fyrir þjónustuna.

Í 64.gr. fjöleignarhúsalaga nr. 26/1994 segir um fundarstjórn: “Húsfundi er stjórnad af formanni húsfélagsins, en ef hann er ekki viðstaddur velur fundurinn sjálfur fundarstjóra úr hópi félagsmanna.” Ákvæði þetta bannar að lögfræðingar Húseigendafélagsins taki að sér fundarstjórn í húsfélögum. Þrátt fyrir þetta skýlausa lagaákvæði býður Sigurður Helgi þeim sem fara með stjórn húsfélaga og gerst hafa aðilar að Húseigendafélaginu upp á þjónustu sem felst í því að lögfræðingur Húseigendafélagsins kemur á húsfélagsfund og tekur þar að sér fundarstjórn. Þannig sendir Húseigendafélagið ekki fulltrúa sinn á húsfélagsfundi sem hlutlausan aðila til ráðgjafar, heldur til að taka að sér fundarstjórn og þá er ofríki ósjaldan beitt við einstaka félagsmenn. Aðferð lögfræðinga Húseigendafélagsins lýsir sér í því að brjóta ákvæði fjöleignarhúsalaganna frá vinstri til hægri og hægri til vinstri. Þar eru menn sviptir málfrelsi og réttinum til málefnalegrar umræðu og málsmeðferðar. Ítarleg ákvæði laganna um atkvæðagreiðslur eru þverbrotin. Mál eru jafnan keyrð í gegn með einföldum meirihluta mættra fundarmanna, þótt 41.-42. gr. fjöleignarhúsalaga geri kröfu um lágmarksfundarsókn og oft aukinn meirihluta ekki aðeins mættra félagsmanna, heldur og allra eigenda fasteigna í húsinu. Einfalt mál er að færar sönnur á lögbrot Húseigendafélagsins í þessu efni. Ólöglegur yfirgangur Sigurðar Helga er með ólíkindum. Hann hagar sér eins og, Húseigendafélagið, sem í framkvæmd er ekkert annað en einkafyrirtæki hans, sé yfir landslög hafið. Hlýtur hann þó að vita, að á honum hvíla sem hæstaréttarlögmanni sérstakar lagalegar og siðferðilegar skyldur í þessu efni.

Það skýtur skökku við að Félagsmálaráðuneytið láti Húseigendafélagið tilnefna aðila til setu í kærunefnd fjöleignarhúsamála. Félagsmenn í fjöleignarhúsum geta ekki leitað réttar síns fyrir þeirri nefnd, meðan þeir búa við það ófremdarástand. Eg skora á félagsmálaráðherra að gera nauðsynlegar endurbætur á skipun kærunefndarinnar, svo að hún fái starfað með hlutlausum og óvilhøllum hætti.



Magnús Sigurðsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/2147
komudagur 11.5.2010

Alþingi, nefndasvið
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Kirkjustræti

150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 10.05.2010
nr. erindis 201004199 uvi

Efni: Umsögn um frumvarp til húsaleigulögum o.fl. sbr. P.skj. 949 – ^{559.}599 mál.


Bæjarráð Mosfellsbæjar 978. fundur 29. apríl 2010 vísaði erindi nefndarsviðs Alþingis sbr. tölvubréf dags. 23. apríl 2010 til umsagnar og afgreiðslu undirritaðrar.

Undirrituð gerir ekki athugasemd við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á húsaleigulög, nr. 36/1994, með síðari breytingum, lög nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum og lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er bent á að verði frumvarpið lögfest er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni lækka um 2–4 m.kr. á ári vegna lægri kostnaðar við þessi nefndarstörf en gert er ráð fyrir í gildandi fjárlögum.

Réttaröryggi er eitt af meginrökum fyrir málskotsrétti til æðra stjórnvalds. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að forsenda rammalöggjafar auk málskotsréttar séu vel skilgreind markmið, tryggt eftirlitshlutverk ráðuneytis og vandaðar leiðbeiningar af þess hálfu. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að allt frá því að úrskurðarnefnd félagsþjónustu tók til starfa í kjölfar setningar laganna árið 1991 hefur þeirri þekkingu og reynslu um hvað betur má fara í málsmeðferð ekki, nema í undantekningatilvikum, verið miðlað til annarra en málsaðila. Brynt er að breyting verði á því til þess að félagsþjónusta sveitarfélaga megi tileinka sér þá þekkingu sem í úrskurðum nefndarinnar er finna.

Virðingarfyllt,



Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs





NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7-9 • 640 HÚSAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1896
komudagur 4.S. 2010

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Húsavík, 29. apríl 2010
nr. erindis 201004068

Á 121. fundi byggðarráðs Norðurþings sem fram fór þann 26 apríl s.l. var tekið fyrir neðangreint erindi.

Félags- og trygginamálanefnd Alþingis, mál til umsagnar


Byggðarráð gerir enga athugasemd við fyrirliggjandi frumavarp til húsaleigulaga.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Norðurþings




NORÐURÞING


Guðbjartur Ellert Jónsson
Fjármálastjóri – staðgengill stjórnarstjóra
Norðurþing - Húsavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1950
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir,
skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is


Reykjavík, 5. maí 2010

Tilvísun: 2010040392LSL/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis frá 23. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnaðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. (þskj. 949, 559. mál á 138. löggjafarþingi).

Ekki verður séð að ákvæði frumvarpsins feli í sér breytingu á reglum um meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst


Lárus Sigur Lárusson
lögfr.



Alþingi
Félagsmálanefnd Alþingis
Kirkjustræti
Pósthólf
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/1895
komudagur 4.5.2010

Reykjanesbæ,
29. apríl 2010
Tilvísun: 2010040453

Efni: Umsögn um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 29. apríl 2010 var til afgreiðslu erindi Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál, þskj. 949.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elísabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarstjóra



Alþingi- Nefndasvið

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010, þskj. 949 — 559. mál.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist með tölvupósti beiðni nefndasviðs Alþingis, dags. 23. apríl 2010, um umsögn varðandi ofangreint frumvarp en í því er m.a. lagt til að sameina undir sömu nefndina þau mál sem nú heyra undir kærunefnd húsnæðismála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu.

Ákvörðunum er varða þjónustu frá Velferðarsviði má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Á árinu 2009 voru mál frá Reykjavíkurborg 34 talsins en á árinu 2008 voru þau 13 og á árinu 2007 voru þau 19. Reikna verður með að fjöldi mála aukist eða a.m.k. standi í stað um sinn hvað varðar þá málaflokka sem nú þegar er heimilt að vísa til úrskurðarnefndarinnar. Hafa verður í huga að við fyrirhugaða yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga er gengið út frá því að úrskurðarnefndinni verði falið að fara með kærumál sem upp koma í tengslum við þjónustu við fatlaða. Þar sem hér er um að ræða úrskurði er oftast varða viðkvæma, einstaklingsbundna þjónustu er mikilvægt að búið sé þannig að nefndinni að starf henni verði sem skilvirkast og að uppkvaðning úrskurða dragist ekki.


Af hálfu Velferðarsviðs er það talið jákvætt að gera ríkari hæfiskröfur til nefndarmanna. Þó verður að líta til þess að í flestum málanna er nauðsynlegt að hafa ákveðna innsýn hvað varðar mat á aðstæðum viðkomandi notanda og því rétt að nefndin hafi víðtæka heimild til að kalla til sérfróða ráðgjafa.

Á undanförunum árum hefur það oft komið til álita hvort birta eigi úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu opinberlega, að teknu tilliti til allra persónuverndarsjónarmiða. Að mati Velferðarsviðs yrði slíkt til bóta fyrir réttarstöðu borgaranna.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Helga Jóna Benediktsdóttir
Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.



Alþingi
Erindi nr. P 138/1952
komudagur 5.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar

Reykjavík 4. maí 2010

Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

0911001SA
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum sem varða félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl., 559. mál 138. löggjafarþings

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 23. apríl sl.

Markmið frumvarpsins er að hagræða í starfi kærunefnda, sem skipaðar eru á málefnasviðum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Gerð er tillaga um að tvær nýjar úrskurðarnefndir taki við málum sem nú eru á verksviði fimm kærunefnda.

Sameining úrskurðarnefndar félagsþjónustu og kærunefndar húsnæðismála

Sú tillaga sem helst snýr að starfsemi sveitarfélaganna felst í því að sameina undir eina og sömu nefndina, þau mál sem skv. gildandi lögum heyra annars vegar undir úrskurðarnefnd félagsþjónustu og hins vegar kærunefnd húsnæðismála.

Báðar þessar nefndir fara með heimildir til þess að endurskoða ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu og úrræði sem einstaklingar og fjölskyldur njóta. Hefur kæruleiðin til úrskurðarnefndar félagsþjónustu einkum verið nýtt, en fátítt mun að kærunefnd húsnæðismála sé beðin um að skera úr ágreiningi um skyldur sveitarfélaga skv. lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Hefur sú staða a.m.k. verið uppi eftir að viðbótarlán heyrðu sögunni til.

Sambandið er sammála tillögu um sameiningu. Afstaða sambandsins hefur verið sú að úrskurðarnefnd félagsþjónustu gegni mikilvægu hlutverki, sem fremur sé ástæða til þess að styrkja en draga úr. Hefur sambandið stutt að úrskurðarnefndinni verði falið að fara með kærumál sem upp koma eftir að áformuð yfirlýsing á málefnum fatlaðra er gengin í gegn. Í viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um það efni frá 13. mars 2009, segir að ein forsenda yfirlýslunnar sé þessi: „Stjórnsýslulegt eftirlit og kærunguleikar verða í sama farvegi og nú gildir um félagsþjónustu sveitarfélaga“. Einnig kemur fram að faglegt eftirlit og gæðaeftirlit byggi á innra eftirliti sveitarfélaga, sem hafi ríkt sjálfræði um veitingu þjónustunnar.

Enda þótt tillagan um sameiningu nefnda sé sett fram í hagræðingarskyni getur hún að mati sambandsins, einnig þjónað því markmiði að úrskurðarhlutverkinu verði betur sinnt en áður. Það er þó þó tengt því hvernig búið verður um hnútana varðandi samsetningu nefndarinnar og aðgang hennar að sérfræðipækkingu.



Í því sambandi má taka undir þá tillögu, sbr. a-lið 24. gr. frv., að allir þrír nefndarmennirnir skuli vera lögfræðingar, en að í störfum nefndarinnar verði að jafnaði kallað eftir ráðgjöf og aðstoð sérfróða aðila. Rökin fyrir þessari skipan eru væntanlega m.a. þau að ráða megi af úrskurðum sem gengið hafa í málum úrskurðarnefndar félagsþjónustu á umliðnum árum, að fyrst og fremst sé leitað eftir lausn á lagalegum álitamálum, sem oft hafa reynst verulega flókin. Er af þeirri ástæðu rétt að miða við að þeir sem skipaðir verði í nefndina hafi lokið meistaranámi í lögfræði auk þess sem einn nefndarmaður hið minnsta skuli að auki búa yfir sérþekkingu og reynslu af málefnum velferðarþjónustu. Tekið skal fram að verði þessi leið fyrir valinu er eðlilegt að gera þessar auknu kröfur til þess aðila sem reiknað er með að sambandið tilnefni í nefndina.

Aðrar leiðir eru hins vegar einnig færar varðandi skipan nefndarinnar og má þar nefna að nefndarmenn verði fimm talsins en þrír þeirra taki þátt í meðferð hvers máls, þannig að ná megi fram hagræði samhliða því að tryggja betri aðgang að sérfræðiþekkingu. Kveða mætti á um að einn hinna fimm hafi sérmenntun á sviði félagsráðgjafar og annar á sviði húsnæðismála. Fordæmi eru fyrir skipan af þessu tagi, sjá t.a.m. úrskurðamefnd skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Birting úrskurða

Þá leggur sambandið áherslu á að við þessa breytingu verði tekið af skarið um það, að úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála skuli birta úrskurði sína opinberlega. Misbrestur hefur verið á þessu og er hann bagalegur. Minnt er á í því sambandi að umboðsmaður Alþingis í álitu sínu (mál nr. 5060/2007) mælt til þess að úrskurðir nefndarinnar, sérstaklega þeir sem gætu haft almenna þýðingu fyrir framkvæmd stjórnvalda, svo sem sveitarfélaga, og til skýringa á réttarstöðu borgaranna, verði gerðir aðgengilegir. Almennt ættu persónuverndarsjónarmið ekki að standa í vegi fyrir þessari birtingu, enda sé þess gætt að birta hvorki nöfn málsaðila né hlutaðeigandi sveitarfélags.

Lagt er til að í 24. gr. frv. komi nýr stafliður, sem innfeli viðbótarmálsgrein við 65. gr. laga nr. 40/1991, svohljóðandi: Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála skal birta úrskurði sína jafnóðum og þeir eru kveðnir upp og á því formi sem samrýmist persónuverndarsjónarmiðum.

Reglugerðarákvæði

Eðlilegt er að taka reglugerðarákvæði upp í heimildarlög um nefndina, sbr. e-lið 18. gr. og d-lið 24. gr. frv. Lagt er til að við þessi reglugerðarákvæði verði bætt: í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Málsmeðferðarreglur

Betur fer á því að málsmeðferðarreglur séu algerlega samhliða í báðum lögum. Lagt er til að ákvæði um kæruleið í lögum um húsnæðismál (sbr. b-lið 18. gr. frv.) hljóði svo: Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan tveggja mánaða frá því að mál barst nefndinni til úrskurðar.



Viðmið um málshraða

Rétt er að geta þess að tveggja mánaða fresturinn kann að reynast í skemmsta lagi þegar um er að ræða flókin og viðkvæm mál um einstaklingsbundin réttindi. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum fékk úrskurðarnefnd félagsþjónustu 54 mál til meðferðar á liðnu ári. Var þar um að ræða tvöföldun á málafjöldanum frá árinu á undan. Efnahagsástand og aukin réttarvitund notenda velferðarþjónustu mun án efa valda áframhaldandi fjölgun mála og þá sérstaklega frá næstu áramótum gangi áform eftir um yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

Málfjöldi af þessari stærðargráðu (auk þeirra u.þ.b. 10 mála sem árlega beinast að ÍLS á grundvelli laga nr. 44/1998) gerir miklar kröfur til málsmeðferðar og vinnuframlags í þágu nefndarinnar. Ætla má að bæta verði við starfshlutföll, aðkeypta þjónustu og fundartíma auk þess sem til fellur vegna fundahalda, m.a. ferðalög o.fl. Er einsýnt að ráðuneytið taki tillit til þessara atriða við gerð fjárlagatillagna fyrir nefndina.

Aðrar athugasemdir

Í 42. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum er félagsmálaráðherra bæði nefndur í 3. og 4. mgr. Geta þarf breytingar í 3. mgr. með sama hætti og fram kemur um 4. mgr. í d-lið 18. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Selfossi, 5. maí 2010
1004156 RT

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, þskj. 949 - 559. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Erindið barst Sveitarfélaginu Árborg til umsagnar með bréfi (tölvupósti) nefndarsviðs Alþingis, þann 23. apríl 2010. Á 191. fundi bæjarráðs Árborgar var undirritaðri falið að svara erindinu f.h. sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið gerir ekki athugasemdir við I., II. og III. kafla frumvarpsins.

1. Almennar athugasemdir við IV. og V. kafla frumvarpsins

1.1 Sveitarfélagið Árborg telur að ekkert mæli gegn því að sama nefnd hafi úrskurðarvald í málum sem heyra undir lög 44/1998 og 40/1991.

1.2 Það er mjög mikilvægt að kveðið sé á um það í lögum að úrskurðir nefndarinnar verði birtir opinberlega með nafnleynd þegar það á við. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur hvorki birt úrskurði sína opinberlega eða upplýst stjórnendur í félagsþjónustu um einstaka úrlausnir. Í þessi sambandi er einnig vert að vekja athygli á álitum Umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 5060/2007. Lagt er til að í frumvarpið komi nýr staflíður í 24. gr. „Úrskurðarnefndin skal birta úrskurði sína.“

1.3 Lagt er til að málsmeðferðarreglur verði samhljóða í báðum lögnum, þ.e. lögum nr. 44/1998 og nr. 40/1991.

2. Athugasemdir við einstakar greinar

2.1 *a. liður 1.mgr. 24. gr.* Mælt er með því að gerð verði krafa um sérþekkingu nefndarmanna/nefndarmanns á félagsþjónustu. Slik krafa er t.d. gerð í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla þar sem segir „Skulu þeir allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum“ og í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/2002, barnaverndarlaga þar sem segir: „Skulu þeir allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum“. Væntanleg mun þó ákvæði um að nefndinni sé heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða



Sveitarfélagið
ÁRBORG

aðila tryggja sérfræðipækkingu. En ef fjárveitingar til nefndarinnar eru knappar kann það hins vegar að leiða til þess að erfitt geti reynst að kaupa þjónustu sérfræðinga. Að kalla til sérfræðinga getur einnig haft oft í för með sér að afgreiðsla mála dragist á langinn. Því er mælt með því að gerð sé krafa um sérþekkingu þeirra lögfræðinga sem skipa nefndin.

2.2. 3.mgr. 42. gr. Athygli er vakin á því hvort ekki þarf að taka fram að í stað orðsins félagsmálaráðherra í 3. mgr. 42. gr. komi félags- og tryggingamálaráðherra.

2.3 b. liður 1. mgr. 18. gr. og a. liður 1.mgr. 24. gr. Lagt er til að frestur til að kveða upp úrskurði verði þrjú mánuðir í stað tveggja eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Tveggja mánaða frestur kann að reynast í styttra lagi þegar litið er til verkefna nefndarinnar og þess að seta í nefndinni er yfirleitt aukastarf.

Virðingarfyllst,
f.h. Sveitarfélagsins Árborgar.

Ragnheiður Thorlacius,
framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkrúki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt: 550698-2349 • Vsknr. 60077

*Alþingi
Erindi nr. P 138/1841
komudagur 29.4.2010*

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skagafjörður, 28. apríl 2010
nr. erindis 1004114 HSB

Á 514. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar 28. apríl 2010 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsögn - frumvarp til laga um húsaleigu

Svofelld bókun var gerð:

*Lagt fram erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál.
Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.*

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar


Helga Sigurrós Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari

From: gudrun.erna@fel.stjr.is
Sent: 7. maí 2010 13:26
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: beiðni um umsögn

*Alþingi
Erindi nr. D 138/2127
komudagur 7.S. 2010*

Nefndasvið Alþingis

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur borist erindi yðar í tölvupósti, dags. 23. apríl 2010, þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál.

Úrskurðarnefndin telur ekki tilefni til að tjá sig um frumvarpið.

Þuríður Jónsdóttir, formaður úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Alþingi
Erindi nr. P 138/1991
komudagur 7.S. 2010

**Úrskurðarnefnd
frístundahúsamála**

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu

150 Reykjavík
sími 545 8100, fax 552 4804
felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 5. maí 2010
Tilv.: UFFRI10040002/

Úrskurðarnefnd frístundahúsamála hefur borist erindi yðar í tölvupósti, dags. 23. apríl 2010, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til húsaleigulaga o.fl., 559. mál. Eftirfarandi er umsögn úrskurðarnefndarinnar:

Mismundandi mál og sérfræðiþekking.

Kostur breytingatillögunar er væntanlega helst fjárhagslegur, þ.e. sá sparnaður sem fæst við fækkun nefndarmanna vegna greiðslu þóknunar fyrir nefndarstörf. Hér verður þó að skoða ávinninginn af fækkun nefndarmanna og bera saman við gallana. Við fækkun nefnda er ljóst að sérþekking sú sem safnast hefur saman innan hvernar nefndar fyrir sig fari forgörðum. Tillagan gerir hins vegar ráð fyrir að afla megi sérfræðiálits við úrlausn máls þegar það á við sem getur bætt upp þá sérfræðiþekkingu sem glatast við fækkun nefndanna. Kostnað við öflun sérfræðiálita verður þá að vega saman við sparnað þann sem fæst af greiðslu þóknunar til nefndarmanna. Það er ljóst að málin sem munu berast á borð hinnar nýju kærunefndar tilheyra mismundandi réttarsviðum sem eru um margt mjög ólík og ólík sjónarmið sem þar eiga við. Þetta gæti leitt til þess að kalla þurfi oft til sérfræðiálita sem eru æði kostnaðarsöm.

Tillagan um skipun verkfræðings í nefndina.

Í úrskurðarnefnd frístundahúsamála eru tveir lögfræðingar sem uppfylla skilyrði laga til að gegna embætti héraðsdómara og einn fasteignasali. Með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar sem er meðal annars mat á ársleigu framlengds leigusamnings skv. 13. gr. laga nr. 75/2008, kaupverði lóðar skv. 15. gr., innlausn og hvert skuli vera innlausnarverð fyrir mannvirki leigutaka og eftir atvikum um fjárhæð greiðslu sérstakra bóta eða lækkun innlausnarverðs vegna ástands lóðar í samningslok skv. 14. gr. er nauðsynlegt að skipa fasteignasala í nefndina. Reikna má með að það sem hér hefur verið talið upp verði þeir þættir sem oftast munu koma til álita nefndarinnar í framtíðinni og því er mikilvægt að sá aðili sem þekkir vel til eðlis og þróunar fasteignamarkaðarins sitji í nefndinni, a.m.k. ef gera má ráð fyrir frístundahúsamál verði hlutfallslega mörg þeirra mála sem berast hinni nýju nefnd.


Málshraði fyrir nefndinni.

Tveggja mánaða tímamörkin varðandi málmeðferð fyrir nefndinni eru til bóta. Orðalagið bendir til að unnt verði að fara yfir tímamörkin þegar sérstaklega stendur á og/eða þegar mál er mjög umfangsmikið. Málshraðinn má ekki koma niður á vandarði málsmeðferð og efnislega rétri niðurstöðu í hverju máli fyrir sig.

Gjaldtaka.

Ekki ástæða til að fella niður 15.000 króna gjaldið. Um er að ræða eins konar þjónustugjald sem er að sönnu stillt í hóf, en gæti samt leitt til þess að kærundur og álitsbeiðendur hugsi sig um áður en leitað er til nefndarinnar með mál sem hafa litla eða enga þýðingu fyrir aðila eða vandi sig betur við undirbúning máls fyrir nefndina. Fjárhæðin er ekki það há að ætla megi að hún girði fyrir aðgang almennings að nefndinni.

F.h. úrskurðarnefndar frístundahúsamála



María Sæmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2019
komudagur 7.S. 2010

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 6. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, lögum um fjöleignarhús, lögum um húsnæðismál og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. (559.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér sameiningu úrskurðar- og kærunefnda á sviði húsnæðismála.

Viðskiptaráð tekur undir hugmyndir eins og þær sem frumvarpið felur í sér um hagræðingu á stjórnisýslusviði. Eins og ráðið hefur bent á í skrifum sínum þá er mikillar hagræðingar þörf í íslenski stjórnisýslu og hefur líklega aldrei verið brýnna að ráðast í slíkt en núna. Ráðið telur að svigrúm sé til sparnaðar hjá ríkissjóði án þess þó að það bitni á þjónustuframboði hins opinbera, frumvarp þetta er gott dæmi um slíkt.

Með frumvarpi þessu er kær- og úrskurðarnefndum á sviði húsnæðismála fækkað úr fimm í tvær, kærunefnd húsamála og úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim reglum sem gilda um kærheimildir og málsmeðferð fyrir umræddum nefndum, er því ekki um skerðingu að ræða á rétti þeirra sem málsaðild eiga að málum fyrir nefndunum. Fækkun verður á nefndarmönnum í heild með sameiningu nefnda og skilar það sér í sparnaði í útgjöldum ríkissjóðs.

Viðskiptaráð gerir þó athugasemd við að fellt verði niður gjald sem gildi um kærur til úrskurðarnefndar frístundahúsamála. Ráðið leggur til að nefndin skoði hvort ekki megi setja hóflegt gjald vegna kærur til ofangreindra nefnda og þannig standa straum af hluta af þeim kostnaði sem skapast af starfrækslu slíkra kærur- og úrskurðarnefnda.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands